

100 ára afmæli kvenskátastarfs á Íslandi – hugmyndafundur
Mánudaginn 29. nóvember kl. 18:00
Skátaheimili Mosverja

Mætt: Björn Jón, Margrét, Elena, Atli B., Fanný, Guðmundur P., Dagga, Atli Smári og Ragnheiður.
Forföll boðuðu Gauti og Þóra.

Inngangur

Vegna mikillar ófærðar sem brast á þetta síðdegi var setningu fundar slegið á frest til kl. 18:30 og fram að því gæddu fundarmenn sér á kaffi, kleinum og randalínu sem Atli Smári hafði sjálfur lagað (eða þannig).

Dagskrá

Eftir stutt ávarp formanns, nokkrar hné- og armbeyjur, var Mosverjum þökkuð aðstaðan og dagskrá hófst.

Björn Jón Bragason, formaður Minjanefndar, opnaði fundinn á frábærlega fróðlegu erindi um tilurð kvenskátastarfs á Íslandi. Rakti hann þá sögu með skemmtilegum hætti í máli og myndum fram undir árið 1940.

(Það skal tekið fram að Björn Jón gaf okkur leyfi fyrir að láta glæurnar fylgja með en þær eru eiginlega svipur hjá sjón þegar ekki fylgir hans frábæra framsaga en þó betra en ekkert fyrir þá sem misstu af).

Miklar og skemmtilegar umræður urðu í kjölfarið og voru fundarmenn sammála um að þarna hefði komið fram margt sem viðstaddir höfðu ekki áður vitað.

Hugmyndir

Hrefna Tynes

Kvenskátaflokkurinn Hrefnurnar hefur gefið út að þær hafi áhuga á að taka í verkefninu með einhverjum hætti og þeirra áhersla verði á Hrefnu Tynes.

BÍS

Skátasafnið hefur skrifað stjórn BÍS og framkvæmdastjóra. Á þeim bæ er verið að skoða hvað BÍS hafi í hyggju að gera í tilefni tímamótanna og hvernig við getum unnið saman.

Leikir

Það eru til fundargerðir sem segja frá þeim leikjum sem ljósálfar léku á fjórða áratugnum – gætum við rifjað upp þá leiki og gefið út? Úr fundargerð: *Meðal vinsælla leikja voru Fram, fram fylking, köttur og mús, hlaupa í skarðið, Maja og lambið, skollaleikur, í grænni lautu, meyjanna mesta yndi, nálaleikur, aumingja kisa, api til sölu og orðið látið ganga.*

Söngvar

Í Skátasöngbókinni má finna fjölmarga kvenskátasöngva. Gætum við híft þá upp og kynnt fyrir skátum?

Fyrir nokkrum misserum var haldin stórkostleg söngskemmtun í Hannesarholti þar sem KSÚ-söngvar voru sungnir – gætum við endurtekið leikinn í einhverri mynd?

Söfn

Gætum við kynnt verkefnið fyrir Þjóðarbóklöðunni – þar eru sýningar og okkar kona við stjórnvölinn.

Gætum við frætt söfn um land allt um þessi tímamót? Kvenskátastarf var mjög víða og víst að einhver byggðasöfn lumi á gersemum.

Kvennasögusafnið – er möguleiki á samvinnu þar?

Hjúkrunarfræðingar

Jakobína var hjúkrunarfræðingur – gætum við vakið athygli þess stéttarfélags og fengið umfjöllun?

Viðburðir

Rætt var um vel heppnaðan viðburð í HR í tilefni af 90 ára afmæli kvenskátastarfs á Íslandi. Vangaveltur um að endurtaka eitthvað í þeim dúr sem hefði m.a. það að markmiði að gefa eldri skátum vettvang til að koma saman.

Söngskemmtun / varðeldur.

Kvenskátaflokkar

Við þekkjum marga sterka kvenskátaflokka sem ekki eru endilega bundnir við einstök félög.

Dæmi:

- Jellý-systur
- Viljurnar
- Hrefnurnar
- Langbrók
- Bingó
- Urtur (líklega 3 á lífi)

Gætum við hitt þessar konur, tekið viðtöl, búið til stutt myndbönd, hlaðvarpsþætti, greinar fyrir vef...heyrð þeirra sögur?

Fyrirmyndir

Gætum við nýtt afmælisárið í að varpa ljósi á flottar konur sem eru sannarlega fyrirmyndir og eiga rætur í skátastarfinu?

Dæmi:

- Alma landlæknir
- Ragga úr HSSG
- Stelpur / konur sem hafa gengið til liðs við björgunarsveitirnar
- Stelpur / konur sem hafa verið virkar í stjórnámálum, menntámálum, vísindum o.s.frv.

...og fleira var rætt en hjálpumst öll að við að leggja í púkkið.

Næsti fundur

Stefnt að næsta fundi í janúar 2022.